




J43.xx Einbreið brú með þröngri akbraut.

Merki þetta er notað með viðvörunarmerki til að vara við einbreiðri brú og akbraut sem er mjórrí en 3,05 m. Tveir síðustu stafir í númeri tákna breidd akbrautar í metrum með einum aukastaf. Þannig hefur merkið sem hér er sýnt númerið J41.28.

2. gr.

35. gr. breytist þannig:

- a. Í stað „P51“ í texta með merki P11 komi: P61.
- b. Við bætist nýr liður með merki:



P61 Umferðarljós vegna eftirlits, gjaldtöku eða vegavinnu eða við ámóta aðstæður.

Ljósmerkið skal vera með rauðu og grænu ljósopi. Þeim má koma fyrir þar sem stjórn þarf umferð vegna eftirlits, gjaldtöku eða vegavinnu eða við ámóta aðstæður þar sem umferð er að jafnaði hæg.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 79. og 84. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 31. maí 2001.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Ólafur W. Stefánsson.

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Framkvæmdasjóð Skrúðs.

1. gr.

Eftirtaldir aðilar; Menntamálaráðherra, Ísafjarðarbær, Garðyrkjuskóli ríkisins, Garðyrkjufélag Íslands, Skógræktarfélag Dýrafjarðar og Skógræktarfélag Íslands, hafa áveðið að stofna sjóð sem skal heita Framkvæmdasjóður Skrúðs, kennitala: 500698-2179.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

- að stuðla að varðveislu garðsins Skrúðs, sem séra Sigtryggur Guðlaugsson prófastur stofnaði til árið 1909. Garðurinn er einn af elstu gördum landsins og um margt einstakur menningararfur.
- að tryggja endurnýjun, viðhald og rekstur garðsins.

- að vinna að fræðslu um garðinn, sögu hans og þann gróður sem þar vex.

3. gr.

Eftirtaldir aðilar tilnefna hver sinn fulltrúa í stjórn Framkvæmdasjóðs Skrudís:

Menntamálaráðherra,
Ísafjarðarbær,
Garðyrkjuskóli ríkisins,
Garðyrkjufélag Íslands,
Skógræktarfélag Dýrafjarðar,
Skógræktarfélag Íslands.

Verði einhver ofangreindra stofnana, samtaka eða félaga lagt niður eða viðkomandi aðilar óska eftir því að hætta starfi í nefndinni, ræður einfaldur meirihluti eftirsitjandi stjórnar, hvort/og hvaða nýir aðilar komi í stjórnina.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður, gjaldkeri og ritari mynda framkvæmdastjórn, sem leggur árlega fram á stjórnarfundi starfsskýrslu, ársreikning, framkvæmda- og fjárhagsáætlun sjóðsins. Fundargerðir skulu færðar og varðveittar. Stjórnarseta skal vera ólaunuð.

Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 525.000. Sjóðurinn aflar tekna með frjálsum framlögum, áheimum, minningargjöfum eða á annan hátt. Stofnfé sjóðsins má ekki skerða að raungildi.

5. gr.

Fé sjóðsins skal ávallt ávaxta á sem arðbærastan hátt. Framkvæmdir og vinnu við Skrudís skal greiða af raunvöxtum sjóðsins og beinum framlögum. Raunvextir sem ekki eru nýttir, af framkvæmdafé hvers árs, skulu lagðir við höfuðstól.

6. gr.

Skipulagsskrá þessari má því aðeins breyta að 2/3 hlutar stjórnar séu því samþykkir.

7. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður, skal stjórnin í samráði við sýslumann Ísafjarðarsýslu ákveða hvernig fjármunum og eignum skal ráðstafað.

8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 5. júní 2001.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.